

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Frá Krístrúnu Frostadóttur.

1. Hver er lengsta vegalengd sem fólk þarf að fara til að nálgast fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu líkt og heilsugæslu? Svar óskast sundurliðað eftir sveitarfélögum.
2. Hvaða viðmið gilda um endurgreiðslu ferðakostnaðar og gilda þau einnig fyrir þau sem sækja sér þjónustu heilsugæslu um langan veg? Eru viðmiðin hin sömu fyrir börn og fullorðna?
3. Hvernig er fólki sem býr utan höfuðborgarsvæðisins tryggt aðgengi að þjónustu sérfræðilækna í heimabyggð? Átt er við þjónustu sem unnt er að veita á heilsugæslustöð án flókins tækjabúnaðar, svo sem eftirlit háls-, nef-, og eyrnalækna, barnalækna o.fl. Hvernig er niðurgreiðslu sérfræðiþjónustu háttáð fyrir einstaklinga á landsbyggðinni?

Skriflegt svar óskast.